

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 162 – 23.10.2012

Þriðjudaginn 23. október árið 2012, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Gunnar Björn Rögnvaldsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hækkun á gjaldskrá fyrir heitt vatn 1. janúar 2013
2. Vatnsgjald 2013
3. Fjárhagsáætlun Skagafjarðarveitna fyrir árið 2013
4. Borun í Hrolleifsdal.
5. Aðalfundur Versins Vísindagarðar
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að hækka gjaldskrá fyrir heitt vatn 1. janúar 2013. Mælagjald fyrir ½“ til ¾“ verður 900 kr pr. mánuð, annað mælagjald hækkar til samræmis. Hækkun á rúmmetragjaldi 5%. Hækkun á vatnsgjaldi 10% Umframhækkunin á vatnsgjaldi er vegna jöfnunnar á gjaldskrá á milli rúmmetragjalds og vatnsgjalds.
2. Samþykkt að vatnsgjald verði vegna ársins 2013, 0,16% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 38,50 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 45,50.
Samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir kalt vatn frá 1. janúar 2013. Mælagjald DN40 og minni 25.20 pr. dag og annað mælagjald hækkar til samræmis.
3. Gunnar Björn Rögnvaldsson lagði fram drög að fjárhagsáætlun 2013. Samþykkt að vísa henni með á ornum breytingum til fyrri umræðu í byggðaráði og í sveitarstjórn.
4. Gunnar Björn gerði grein fyrir borunum og borlokum í Hrolleifsdal. Verkið gekk í heild sinni vel og árangur góður, áætluð afköst holunar 15 til 20 sek/ltr af 95° heitu vatni.
5. Aðalfundur Versins ehf verður haldin 31.10.2012. Samþykkt að stjórnarmenn fari með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf á fundinum.
6. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25
Árni Egils ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Gunnar Björn Rögnvaldsson veitustjóri (sign)